

	Fluttar	kr. 442,00	
b. Vegabótakostnaður	—	1347,33	
c. Eptirstöðvar:			
1. af niðurjöfnunargjaldi	kr. 295,34		
2. af vegagjaldi	— 317,17	— 612,51	kr. 2401,84

6. Strandasýsla:

Tekjur.

a. Eptirstöðvar	kr. 342,64		
b. Niðurjöfnunargjald	— 196,65		
c. Vegagjald	— 372,16		
d. Skuld fyrir vegabætur	— 43,15	— 954,60	

Gjöld.

a. Sýslugjöld	— 214,00		
b. Vegabótakostnaður	— 372,20		
c. Eptirstöðvar:			
1. af niðurjöfnunargjaldi	kr. 176,85		
2. af vegagjaldi	— 191,55	— 368,40	— 954,60

Íslands vesturamt, Reykjavík 7. dag októbermán. 1885.

Magnús Stephensen

settur.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um endurborgun 94
á vínfangatolli. — Eptir að jeg samkvæmt brjefi mínu 22. nóv. f. á. viðvíkjandi end- 19. sept.
urborgun á tolli af nokkru af vínföngum, sem fluttust með skipi Örum & Wulffs verzl-
unar á Vopnafirði, Harriet, í marzmánuði í fyrra, en sem tilfærð voru á tollskrá skipsins
sem skipsforði, hefi með þóknanlegu brjefi yðar, herra sýslumaður, 7. maí þ. á. meðtekið
upplýsingar um skipverjatölu á nefndu skipi þegar það kom hingað til landsins í fyrra
vor, og um það, hve lengi það var hjer við land áður það fór út aptur til Kaupmanna-
hafnar, læt jeg ekki hjálíða hjer með þjónustusamlega að gefa yður til vitundar, að með
því að jeg af þessum upplýsingum fæ sjeð, að skipverjar þeir, sem á skipinu komu
hingað frá Kaupmannahöfn þegar hinar tollskyldu vörur voru með því, -- en við þá
eina á að miða stærð hins tollfrjálsa skipsforða — aðeins voru 7, þó að síðar yrði fleiri
ráðnir á skipið til fiskiveiða, þá virðist engin ástæða til að leyfa skipi þessu að hafa
meiri vínfangaforða ótollaðan en þjer höfðuð álitid hæfilegt eða 158 potta af 8° brenni-
víni og konjaki auk nokkurs flöskuvíns, og það jafnvel þótt tekið væri tillit til þess, hve
lengi það dvaldi hjer við land við fiskiveiðar með fram, nefnilega í 8 mánuði. Jeg get
því ekki veitt samþykki mitt til að hin umbeðna endurborgun til Örum & Wulffs verzl-
unar á 36 kr. eigi sjer stað.

Þetta skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra sýslumaður, að birta fyrir
verzlunarstjóra Örum & Wulffs á Vopnafirði.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um að leggja 95
niður nokkrar þurrabúðir. — Samkvæmt tillögu yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu 30. sept.